

## LISTIR

# Náttúran, manneskjan og tískan

NÝIR tímar í íslenskrí samtímaljósmyndun er heiti sýningar sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20. Sýningin er sett upp í beinu framhaldi af samstarfsverkefni sem Listasafnið stofnaði til í fyrri með Þjóðminjasafni Íslands og Ljósmyndasafni Moskvu. Þá var sett upp í Moskvu yfirlitssýning á íslenskrí ljósmyndun frá upphafi ljósmyndunar á Íslandi til dagsins í dag.

A sýningunni á Kjarvalsstöðum getur að líta kjarnann úr þeirri sýningu sem fór héðan til Moskvu með aðaláherslu á samtímaljósmyndun. Við sjáum sjöppur sem horfið hafa úr Reykjavíkurborg, eyðingu að verki innan eyðibýla, fólk í óvægnu umhverfi Norður-Atlantshafsins, álfabyggðir innan þéttbýlis og skrifstofur forsetaframboda, svo eitthvað sé nefnt. Sýningarstjórnar ljósmyndasýningarinnar eru þeir Eiríkur Þorláksson, Einar Falur Ingólfsson og Pétur Arason.

Einar Falur segir að á sýningunni sé miðlinum ekki búinn þröngur rammi, heldur sýnd verk sem séu afar fjölbreytileg hvað varðar stílbrögð og afstöðu höfunda til efnisins. „Hér eru verk ljósmyndara sem hafa endurnýjað hið gamla myndmál landslagshefðarinnar, endurspegla land og ljós af kunnáttusamlegu næmi, en einnig er tekið á náttúrunni á drungalegri hátt og ljóðrænni. Margir sýnenda vinna innan þess sviðs sem kallað er heimildaljósmyndun en afraksturinn er afar ólíkur. Í samtímanum er ljósmyndavélinni óspart beitt við að draga fram einkenni á vörum og endurspegla tíðarandann, eða búa til nýja straua. Hér eru ljósmyndir eftir fulltrúa tískugeirans og ímyndaheimsins. Og aðrir skrá ásjónur manna á formlegri hátt eða



Falskar tennur - Bjargey Ólafsdóttir, 2000.

halda dagbók um tilveru sína með myndum. Á síðastliðnum áratugum hefur færst mjög í vöxt að myndlistarmenn notfæri sér skráningarmöguleika ljósmyndatækninnar við að myndgera hugmyndir sínar. Hluti listamannanna sem kenndir eru við SÚM notaði ljósmyndir og allar götur síðan hefur ljósmyndin verið mikilvægur miðill í sköpunarferli íslenskra listamanna. Hér má sjá uppkomur sem lífa í myndum, heimildir um atburði, myndir sem unnar hafa verið og breytt á stafrænan hátt, frásagnaraðir um tilbúna atburði og sviðsetningar. Myndefnið er æði ólíkt: fiskar og ljósabúðir, skreyttar konur, tjöld og snjóskafar, sauðahorn með brúðuhásum, jafnvel teiknaðar eftirmyndir ljósmyndaðra fossa.“

Við opunarathöfnina í kvöld verður einnig veitt viðurkenning úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur að upphæð 300.000 krónur. Markmið Listasjóðsins er að styrkja listakonur með því að veita árlega sérstakt framlag til viðurkenningar og eflingar á listsköpun kvenna. Þetta er í sjöunda sinn sem veitt er úr sjóðnum. Sýningin stendur til 17. ágúst.



Ein ljósmyndaraða Ragnars Th. Sigurðssonar.

## Ljósmyndir úr útnorðrinu

VESTAN við sól og norðan við mána nefnist sýning sem nú stendur yfir í anddyri Norræna hússins. Þar eru ljósmyndir Ragnars Th. Sigurðssonar við texta eftir Ara Trausta Guðmundsson.

Þeir Ragnar Th. og Ari Trausti ferðudust saman um norðurheimskautssvæðið og útnorðið eða um Grænland, Færeyjar og Ísland með það í huga að gera farandsýningu sem yrði sýnd í þessum löndum. Myndefni 48 ljósmynda Ragnars Th. er fólk, menning og náttúra landanna þriggja.

Ljósmyndunum er komið fyrir í

16 þriggja mynda röðum þar sem ein mynd frá hverju landi lýtur að tilteknu þema og er þeim er ætlað að kynna löndin innbyrðis.

Sýningin var fyrst opnuð í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum. Næsti áfangastaður var Listasafn Akureyrar, þaðan sem hún kemur til sýningar í Norræna húsinu. Héðan fer sýningin til Nuuk í Grænlandi, þar sem hún verður sett upp í Katuaq – menningarhúsi Grænlandinga.

Sýningin er opin daglega kl. 9–17, sunnudaga er opið kl. 12–17. Henni lýkur 31. ágúst.

## Sterk bein alla ævi – hreyfðu þig reglulega!

Eftir Halldóru Björnsdóttur

LAUGARDAGINN 21. júní nk., þegar sólargangur er lengstur hjá okkur hér á Íslandi, verður Kvinnahlaupið haldið í fjórtanda sinn. Hlaupið verður frá Garðatorgi í Garðabæ kl.



14. Einnig er hlaupið frá Mosfellsbæ kl. 12, Akureyri kl. 11 og á yfir 100 stöðum hérlendis og erlendis. Þátttaka hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og vonandi er að svo verði einnig að þessu sinni. Beinvernd er samstarfsaðili Kvinnahlaupsins í ár og á yfirskrift hlaupsins, „Sterk bein alla ævi – hreyfðu þig reglulega!“ að minna á gildi reglulegrar hreyfingar fyrir heilsuna og beinin.

Markmið Kvinnahlaupsins er að

vekja áhuga kvenna á reglulegri og hollri hreyfingu. Áhersla hefur verið lögð á að gera öllum konum á landinu kleift að vera með og að hver kona taki þátt í hlaupinu á sínum forsendum. Það er ósk þeirra er að hlaupinu standa að Kvinnahlaupið verði til þess að sem flestar konur geri reglubundna hreyfingu hluta af sínum lífsvenjum.

Beinþynning er alvarlegt heilsufarsvandamál hér á landi eins og víða annars staðar og fer vaxandi, m.a. með auknum fjölda aldraðra og breyttum lífsháttum. Beinþynning er einkennalaus þar til brotastigi er náð en afleiðingarnar eru beinbrot við lítinn áverka. Allir, bæði konur og karlar, eiga á hættu að verða fyrir afleiðingum beinþynningar síðar á ævinni og hver og einn þarf að huga að vernd beina sinn alls frá æsku. Lengi býr að fyrstu gerð. Grunnurinn að heilsu beinanna er lagður í æsku, því það er í uppvextinum, þegar beinin eru að vaxa og þroskast, sem við leggjum inn í beinabankann fyrir efri árin.

Beinin eru lifandi vefur sem er í

stöðugri endurmyndun allt lífið. Þau þarfnastr bæði næringar og áreynslu til að haldast sterk og heilbrigð, því er hollt mataræði og regluleg hreyfing grundvöllurinn að góðri heilsu. Góð næring sem felur í sér nægjanlegt kalk, sem helst er að finna í mjólkurmat og ýmsu dökku grænu blaðgrænmeti, og D-vítamín skipta máli á öllum aldri og einnig hæfileg líkamspjálfun. Tog vöðvanna á bein er nauðsynlegt til að bein viðhaldi styrk sínum. Stæltir vöðvar og sterk bein fara því oftast saman. Líkamleg áreynsla, s.s. göngur, hlaup, leikfimi og aðrar íþróttir sem fela í sér þungaberandi áreynslu, hefur góð áhrif á beinin. Þegar við styrkjum stóru vöðvana verndum við jafnframt bein, eflum jafnvægi og viðbrögð gegn byltnum og vinnum gegn vægu þunglyndi.

Hæfileg líkamsáreynsla á öllum aldri er því eitt mikilvægasta vopnið gegn beinþynningu og ótímabærum beinbrotum.

Höfundur er íþróttafraeðingur og framkvæmdastjóri Beinverndar.

## Hvað gerir samfylkingin í norðurbakkamálinu?

Eftir Sigurð P. Sigmundsson

STOFNUN Norðurbakka ehf. var eitt af stærstu kosningamálunum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Hafnarfirði vorið 2002. Það var ekki undarlegt þar sem aðdragandinn að stofnun hlutafélagsins og eignaraðild Hafnarfjarðarbæjar var í hæsta máta óvenjulegur og gagnrýnisverður. Eftir nánast enga kynningu eða umfjöllun í bæjarkerfinu samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar 18. desember 2001 að gerast þriðjungs eigandi í nýju hlutafélagi, Norðurbakka ehf., sem ætlað var að standa fyrir uppbyggingu



byggjubyggðar fyrir allt að 1.800 íbúa. Mjög hallaði á hlut Hafnarfjarðarbæjar í samstarfssamningi hluthafanna þriggja, en skv. honum keypti Norðurbakki ehf. eignir hluthafanna á hafnarbakkanum á 190 m.kr. hvers um sig, samtals 570 m.kr. Samkvæmt 2. gr. samstarfssamningsins var fasteignamatíð á eignum Hafnarfjarðarbæjar 239,5 m.kr., fasteignamat eigna Pýrpingar hf. 146,6 m.kr. og eigna J&K ehf. 77,2 m.kr. Lítið jafnræði það. Kaupverðið skyldi hins vegar ekki greitt fyrir en hinn 1. júlí 2003 og þá með þeim hætti að kröfunum skyldi þá breytt í aukíð hlutafjárframlag. Auk þessa voru ákvæði í samningnum um að Hafnarfjarðarbær skyldi greiða kostnað við uppfyllingar og fleira sem má áætla allt að 500 m.kr. Til að bæta gráu ofan á svart hefur það síðan verið upplýst að lóðasamningur bæjarins vegna eignar Pýrpingar (Norðurstjórnuhúsið) var löngu útrunninn og bænum því heimilt að leysa til sín þá lóð.

### Stórvæðing og efnidir

Samfylkingin í Hafnarfirði sá sér leik á borði og nýtti sér til hins ýrasta í kosningabaráttunni þennan klaufalega og óhagstæða samning sem þáverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerði. Fundu þeir samningnum og fyrirhugaðri framkvæmd flest til forráttu og höfðu þar stórvæðing um. Nú er 1. júlí 2003 að renna upp og ekkert bendir til annars en að Hafnarfjarðarbær missi forræðið yfir eignum sínum á norðurbakkamálinu í hendur hlutafélags hvers tilvera svifur í lausu lofti. Lítum aðeins á hvað hefur gerst í Norðurbakkamálinu frá því Samfylkingin komst í meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

1) Eitt af fyrstu verkum Samfylkingarinnar í júní 2002

Höfundur er hagfræðingur.

## Um galdra á Vestfjörðum

Eftir Pétur Tryggva Hjálmarsson

GALDRAR hafa alla tíð verið vinsæl íþróttagrein á Vestfjörðum. Einn slíkan má lesa úr frétt Morgunblaðsins 16. júní síðastliðinn, undir yfirskriftinni



„Skaðlaust en hræðilega ljótt“. Þar segir meðal annars að eitruðustu efnunum sem þekkjast í heiminum er eytt hér á Ísafirði.

Þó hafa vísindamenn staðfest að það er ekki hægt að eyða þeim.

Hér er eitruðunum „eytt áður en þeim er hleypt út í andrúmsloftið“, segir í fréttinni.

Í þessu felst galdurinn, vegna þess að enginn skilur hvernig hægt er að hleypa því út, sem hefur verið eytt.

Galdrar þessir eru skaðlausir en hræðilega ljóttir, en það gerir



Ljósmynd/Pétur Tryggvi

galdrana ekki síður áhugaverða, því að fólk er farið að taka meira eftir þeim þar sem galdrastafirnar eru ekki splunkunýfir lengur.

Ekki hefur verið gert mikið úr

undrinu en talið er að það eigi sér eðlilegar skýringar.

Höfundur er gull- og silfursmiður á Ísafirði.